



Starfsemi Mannauðssjóðs KJALAR Stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu árin 2007 til 2009

Inngangur

Ársskýrslan sem hér er birt er ætlað að gefa yfirlit yfir starfsemi Mannauðssjóðs KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu fyrir starfsárin 2007 til 2009. Gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum ársins ásamt því að farið er yfir verkefni sem hafa verið styrkt til sveitarfélaga og stofnana sem og þeirra sjóðsfélaga sem fengu styrk með tilkomu sérstaka samninga mannaússjóðsins við Fræðslusetrið Starfsmennt.



Frá undirritun samnings við Fræðslusetrið Starfsmennt.

Fv. Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir fulltrúar Mannauðssjóðs og Árni Stefán Jónsson og Guðmundur H. Guðmundsson fulltrúar Fræðslusetursins Starfsmenntar.

Mannauðssjóður KJALAR stéttarfélags tók formlega til starfa 1. janúar 2007 og byggir á gr. 13.4.2. um starfsmenntunarsjóð í kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga (LN) og KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Gerður var þjónustusamningur við skrifstofu KJALAR stéttarfélags árið 2008 um rekstur og umsjón með starfseminni en fyrsta árið safnaði sjóðurinn peningum inn á bók en hóf úthlutanir ekki fyrr en árið 2008.

Í stjórn sjóðsins eru : Fulltrúar KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og Guðbjörg Antonsdóttir, fulltrúar sveitarfélaganna Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir og Hermann Tómasson.

Haldnir eru fundir í janúar og september og oftar ef þurfa þykir.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi starfsmenntunar. Aukin hæfni og starfstengd menntun félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögunum og stofnunum þeirra eru nauðsynlegir þættir vegna sífellt fjölbreyttari verkefna.

Markmið sjóðsins er annars vegar að auka möguleika sveitarfélaga og stofnana þeirra á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma og efla starfsmenntun starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni.

Sjóðurinn er fjármagnaður með gjöldum/greiðslum vinnuveitenda sem nema 0,3% af heildarlaunum félagsmanna KJALAR – stéttarfélags. Um er að ræða helminginn af starfsmenntunar-sjóðsiðgjöldum skv. gr. 13.4.2 í kjara-samningi stofnaðila. Heildarframlög til sjóðsins árið 2007 og 2008 voru kr. 9.600.000. Enginn styrkur var greiddur út á árinu 2007 en á árinu 2008 voru alls greiddir styrkir kr. 1.966.146 og varð hagnaður fyrir bæði árin með fjármunatekjum kr. 8.312.354.

Styrkir á árinu 2008

- Öldrunarheimili Akureyrarbæjar, vegna námskeiðs um hugmyndafræði Eden Alternative. (3)¹
- Gæðastjórnunarnámskeið fyrir launafulltrúa Akureyrarbæjar. (9)
- Námskeið í skyndihjálpi hjá Norðurorku. (23)
- Nám skólaritara og skrifstofunám í samvinnu Framvegis og Verslunarskóla Íslands. Umsókn skóladeild Akureyrarbæjar. (3)
- Þarfagreining fyrir starfsþróun hjá Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar. (20)
- Námsstefna Hjallastefnunnar, Gleði - fagmennska. (11)
- Ennfremur gerði stjórn sjóðsins samning við Fræðslusetrið Starfsmennt um aðgang félagsmanna að almennum námskeiðum á þeirra vegum.
 - Tölvur og tölvunotkun (7)
 - Excel framhaldsnámskeið (1)
 - Enska II (6)
 - Tölvur og tölvunotkun – Publisher (1)
 - Tölvur og tölvunotkun – myndvinnsla (4)

Styrkir á árinu 2009

- Markviss starfsmannafræðsla, Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar. (17)²
- Gerum betur - þjónustunámskeið, ráðhúss, sundlauga og skíðastaða. (84)
- Framhald af skólaritara- og skrifstofunám – Akureyrarbær. (3)
- Skyndihjálparnámskeið félagsmiðstöðva og Punktinum. (17)
- Gerum betur þarfagreining hjá starfsmönnum í Rósenborg Akureyri. (18)
- Nám og námskeið á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar.
 - Nám í mannauðsstjórnun (6)
 - Tölvur og tölvunotkun – grunnnám (fór fram á netinu alls (20)
 - Tölvur og tölvunotkun – Exel (1)
 - Tölvur og tölvunotkun – Exel framhaldsnámskeið (7)
 - Tölvur og tölvunotkun – myndvinnsla (8)

¹ Tala í sviga sýnir fjölda þátttakenda sem aðild eiga að sjóðunum.

² Tala í sviga sýnir fjölda þátttakenda sem aðild eiga að sjóðunum.

- Tölvur og tölvunotkun – Publisher (4)
- Tölvur og tölvunotkun – Outlook (1)
- Ritvinnslunámseið Word framhaldsnámskeið (1)
- Hagnýt danska (1)
- Enska I (1)
- Enska II (6)
- Skrifstofubraut I 1 önn (1)
- Þjónustustjórnun - fjarkennt (1)

Stjórnin hefur ákveðið að bjóða sveitarfélögum „Ráðgjafa að láni” frá Fræðslusetrinu Starsfmennt til að skipuleggja aðra fræðslu en ekkert sveitarfélag hefur enn nýtt sér þann möguleika.

Rekstrartekjur fyrir árið 2009 voru kr. 5.311.757, alls voru greiddir út styrkir kr. 3.807.837 en hagnaður sjóðsins eftir að tekið er tillit til fjármagnsliða er kr. 2.171.977.

Í stjórn sjóðsins eru: Fulltrúar KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og Guðbjörg Antonsdóttir, fulltrúar sveitarfélaganna Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir og Hermann Tómasson. Stjórnin hefur haldið 2 fundi.

Stjórn sjóðsins heldur fundi í janúar og september og oftar ef þurfa þykir.

Fyrir utan þau verkefni sem nefnd hafa verið hér að ofan þá hefur starfssemi sjóðsins verið getið í ársskýrslu stjórnar KJALAR stéttarfélags og einnig hefur formaður kynnt sjóðinn meðal félagsmanna og hvatt þau til að kynna hann fyrir sínum yfirmönnum. Þá hefur sjóðurinn verið kynntur fyrir sveitarfélögum og öðrum launagreiðendum sem aðild eiga að sjóðnum, þ.e. með umfjöllun í fréttablaði Sambands sveitarfélaga. Janframt sem auglýsingar hafa verið send á hlutaðeigandi sveitarfélög og stofnanir með tölvupósti.

Lokaorð

Símenntun er hagur allra og því er menntun í atvinnulífinu sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni atvinnurekenda og stéttarfélaga. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur sveitarfélaga og stofnana þeirra standi saman að skipulagningu fræðslu og eigi sameiginlegt frumkvæði að því auka menntun meðal launafólks.

Akureyri 20. júní 2010
fh. stjórnar Mannauðssjóð KJALAR



Arna Jakobína Björnsdóttir
formaður